

GRUNNSKÓLI VESTMANNAEYJA



Rýming skóla ef eldur er laus

- Farið verður yfir hlutverk einstaka starfsfólks innan skólans.
- Húsvörður og öryggistrúnaðarmaður GRV/Hs – Guðrún Ágústa Möller
- Skólastjóri Hs – Anna Rós Hallgrímsdóttir

Hlutverk húsvaðar

- Fara að brunastöðinni og greina og staðsetja hættuna.
- Gefa skólaliða af A gangi fyrirmæli um hvort eða hvar sé eldur.
- Vera tengiliður við slökkviliðsstjóra/björgunarfulltrúa

Hlutverk stjórnenda

- Fara að brunastöðinni og greina og staðsetja hættuna.
- Fara út og stjórna aðgerðum.
- Taka við upplýsingum frá kennurum og bera þær saman við upplýsingar/mætingarlista frá ritara.

Hlutverk kennara

- Róa nemendur og undirbúa þá fyrir brottfor úr stofu.
- Fylgja nemendahópi út úr húsinu 1. –3. bekkur fer inn á gervigrasvöll, 1. bekkur nyrst, svo 2. bekkur og 3. bekkur syðst. 4. bekkur fer norðan megin við völlinn.
- Nauðsynlegt er að halda ró á hópnum.

Hlutverk ritara

- Prenta út fjarvistaskrá dagsins.
- Fara út með „Brunamöppu“.
- Bera saman upplýsingar úr Brunamöppu við fjarvistaskrá dagsins.
- Láta stjórnanda vita ef einhvern vantar.
- Láta stjórnanda vita þegar allir eru komnir út.

Hlutverk skólaliða

- Skólaliði af A gangi fær fyrirmæli frá húsverði/stjórnanda um hvort eða hvar sé eldur.
- Beina kennurum/nemendum að næstu útgönguleið.
- Skólaliði af hverjum gangi fer að einni stofu í einu og gefur þeim fyrirmæli um að fara út og gengur úr skugga um að stofan sé tóm og lokar hurð, ekki læsa.
- Skólaliðar í matsal aðstoða við rýmingu ef ekki eru nemendur þar.

Hlutverk stuðningsfulltrúa

- Aðstoða skjólstæðing sinn/nemendahóp við að fylgja sínum hópi.

Aðrir starfsmenn skólans

- Aðstoða við rýmingu þess svæðis sem þeir eru staðsettir á.

Bókasafn

- Umsjónamaður bókasafns sér um að fylgja nemendum á þann stað sem þeirra árgangur kemur saman á.

Námsver/sérkennsla

- Róa nemendur og undirbúa þá fyrir brottför úrstofu.
- Þegar út er komið fylgja kennarar nemendum í þá hópa sem þeir tilheyra.

Frímínútur - nemendur úti

- Kennarar sem gáfu nemendum leyfi til að vera inni í frímínútum sjá til þess að þeir séu sóttir.
- Starfsmenn á útivakt koma nemendum á sinn stað á skólalóðinni.
- Starfsfólk fer út og á þá staði sem þeim tilheyra.

Frímínútur - nemendur inni

- Starfsmenn beina nemendum að þeim útgönguleiðum sem við á eftir staðsetningu hvers og eins.
- Beina nemendum á þá staði sem þeim eru ætlaðir þegar út er komið.

Víkin 5 ára deild

- Róa nemendur og undirbúa þá fyrir brottför úr stofu.
- Bíða frekari fyrirmæla frá skólaliða á viðkomandi gangi.
- Fylgja nemendahópi út úr húsinu, fyrir framan gervigrasvöll (að vestan).

Brunakerfi fer í gang – eldur er ekki laus eða bilun er í kerfinu

- Skólaliði af A gangi fær fyrirmæli frá húsverði/stjórnanda um að ekki sé hætt á ferðum.
- Skólaliðar koma upplýsingum áleiðis til kennara í öllum stofum sem og annars starfsfólks í húsinu

